



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2022

2202008SA KB/bg
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 34. mál

Vísað er til tölvuskeytis frá nefndarsviði Alþingis, dags 7. febrúar sl., þar sem óskað var eftir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarps til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Markmið frumvarpsins er að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fái lagagildi hér á landi. Í stefnumörkun sambandsins er að finna meginmarkmið sambandsins. Kemur þar fram að sambandið skuli stuðla að frekari framþróun í þjónustu við fatlað fólk með Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks að leiðarljósi (3.3.9.).

Í stefnumörkun sambandsins er einnig lögð rík áhersla á fjárhagslega sjálfbærni og að sveitarfélögum skuli tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin að lögum. Leggur sambandið áherslu á það markmið að nýjar reglur eða kröfur af hálfu ríkisins í garð sveitarfélaga skuli ávallt háðar kostnaðarmati og ákvörðun sem tryggir fullnægjandi fjármögnun. Jafnframt skal sambandið vinna að því að tryggja fjármögnun frá ríkinu vegna nýrra lögbundinna verkefna.

Frumvarp þetta er ekki kostnaðarmetið gagnvart sveitarfélögum þrátt fyrir lagafyrirmæli þar um í 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 en þar segir að ef fyrirsjáanlegt er að tillaga að lagafrumvarpi muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög skal fara fram sérstakt mat á áhrifum þeirra á fjárhag sveitarfélaga. Að áliti sambandsins er enginn vafi á að lögfesting á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks mun hafa áhrif á þjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum sínum og auka útgjöld sveitarfélaga.

Telur sambandið því nauðsynlegt á þessu stigi málsins að farið sé í ítarlega kostnaðargreiningu á áhrifum frumvarpsins og að til staðar sé samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um sterkari aðkomu ríkisins til þess að fjármagna fyrirhugaða lögfestingu samningsins. **Er nauðsynlegt að sú finna fari fram áður en til mögulegrar lögfestingar kemur.** Einnig er mikilvægt að samhliða lögfestingu samningsins sé lögð fram innleiðingaráætlun þar sem ríki og sveitarfélög markvisst vinna saman að því að innleiða samninginn með fjármagnaðri aðgerðaráætlun. [Í niðurstöðum skýrslu Ríkisendurskoðunar um yfirfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga](#) segir „Af þessu ferli má draga þann lærdóm að gera hefði þurft ráð fyrir lengri innleiðingartíma eða greina álitamál betur fyrir lagasetningu þar sem löggjöfin kallar bæði á þróun innan stjórnsýslunnar og viðhorfsbreytingu.“

Sambandið leggur því höfuðáherslu á að vandað sé til verka við lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, að kostnaðaráhrif séu metin og innleiðingaráætlun sett fram samhliða lögfestingu. Sambandið telur einnig nauðsynlegt að það slík vinna sé unnin í nánu samstarfi við sveitarfélögin.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri